

Kristín Jónsdóttir
Kt. 011147-7719

Vor 1983

Flutt hjá Alþýðubandalaginu í Kópavogi vorið 1983

Hvers vegna Kvennalisti til Alþingis?

Hvers vegna Kvennalisti til Alþingis er spurning sem oft heyrist þessa dagana. Í mínum huga er enginn vafi, að þetta er ein af mörgum leiðum sem konur geta og eiga að nota í kvennabaráttunni. Áhrifaleysi kvenna blasir alls staðar við þar sem ráðum er ráðið í þjóðfélaginu. Inni á Alþingi, í ríkisstjórnum, í stjórnmálflokkunum, innan hagsmunasamtakanna og svo má lengi telja.

En það er ekki bara valda- og áhrifaleysi kvenna sem knýr konur til aðgerða. Kvennalisti er miklu meira en tímabundin aðgerð til að auka hlut kvenna á þingi. Kvennalistinn byggist á nýrri hugmyndafræði sem tekur mið af reynsluheimi kvenna. Reynslu sem einkennist af því að hlutverk kvenna hefur frá fyrstu tíð verið að vernda líf og viðhalda því. Konur ganga með börnin, fæða þau og ala upp. Vinnustaður þeirra hefur verið á heimilinu eða í námunda við það og þar hafa konur þróað sínar sérstöku aðferðir við matargerð, fatasum, ljósmóðurstörf, uppeldi barna og kennslu, hjúkrun og umönnun sjúkra og aldraðra.

Þrátt fyrir ólík lífskjör kvenna er þetta sameiginlegur reynsluheimur þeirra, arfur frá kynslóð til kynslóðar, það sem hefur mótað heimsmynd þeirra, sjálfsmynd og menningu. Ef við lítum til baka til þess tíma þegar jafnréttisbaráttan reis sem hæst á síðasta áratug minnumst við þess að umræðan snerist að miklu leyti um rétt kvenna til að fá að vera eins og karlar. Á þessum árum var haldið hátt á lofti kröfunni um jafnrétti og þessi krafa leiddi til þess að á ýmsum sviðum var jafnrétti lögfest. En það er spurning hvor sú lögfesting hafi alltaf verið til góðs eða hvort hún hafi jafnvel skert rétt kvenna. Má minna á að þessi krafa leiddi meðal annars til þess að konur sitja ekki lengur einar að skammarlega stuttu fæðingarorlofi. Þessi krafa leiddi einnig til þess að 50% skattareglan fyrir útivinnandi eiginkonur var felld niður. (Ég tel að fátt hafi gert þeim konum sem vilja fara út að vinna jafn mikið ógagn.) Þessi krafa leiddi einnig til þess að nú skulu öll starfsheiti karlkennd og svona má lengi telja.

Fyrir tæpum tveimur árum komu nokkrar konur saman til að endurmeta fyrri baráttuleiðir. Eitthvað hafði farið úrskeiðis. Ún voru konur í verstu launuðu störfunum. (Aðeins 3% kvenna ná meðallaunum). Ún eru þær verr menntaðar. (28% karla en 64% kvenna hafa 10 ára eða skemmri skólagöngu). Ún búa margar þeirra við tvöfalt vinnuálag.

Niðurstaða þessarar umræðu var sú að rétt væri að skilja að leiðir karla og kvenna um tíma. Konur spryrðu nýrra spurninga og leituðu svara ekki hjá körlum heldur í eigin brjósti. Og þá fóru hugmyndir um kvenfrelsi að skjóta rótum. Og hvað er kvenfrelsi? Kvenfrelsi er frelsi til að skoða og skilgreina heiminn út frá okkar eigin veruleika, eigin reynslu. Frelsi til að taka tilfinningavíddina inn í umræðuna í stað kaldrar rökhugsunar sem oft er slitin úr tengslum við manneskjuna sjálfa. Frelsi til að hlusta á eigin rödd þar sem ennþá hljómar veikt en á eftir að

hljóma hærra þar til hún hefur náð fullum styrk til jafns við karla – þá fyrst er hægt að tala um jafnrétti.

Og nú er spurt hvort leiðin til kvenfrelsíss sé sú að fara troðnar slóðir karlanna á þing. Við svörum því játandi. Við teljum þingleiðina greiða götuna fyrir baráttumálum kvenna gegnum kerfið. Meðan meiri hluti þingmanna eru karlar fá svokölluð kvennamál lítinn hljómgrunn þar.

Auðvitað veita karlar því forgang sem þeir telja mikilvægast. Það myndu konur líka gera, en þær telja aðra hluti mikilvæga en karlar. Það eru viss mál sem brenna heitar á konum. Það eru þau mál sem við viljum setja á oddinn á Alþingi en þau eru:

- Samfelldur skóladagur.
- Stórfelldar úrbætur í dagvistunarmálum.
- Að minnsta kosti 6 mánaða fæðingarorlof.
- Endurmat á störfum kvenna.
- Fullorðinsfræðsla og endurmenntun sem auðveldi konum endurkomu á vinnumarkaðinn.
- Endurskoðun á stöðu kvenna í lífeyris- og tryggingamálum.

Þó að konur telji sérframboð vænlega leið nuna hlýtur framtíðarmarkmiðið að vera það að konur og karlar geti unnið saman að betri heimi þar sem friður ríkir og bæði kynin fá að njóta sín. Heimi þar sem mannleg verðmæti eru fyrst og fremst lögð til grundvallar þegar ákvarðanir eru teknar í þjóðmálum.